**Breytingar á fyrirtækjaþætti RÚV og tæknimanna í RSÍ**

**Fylgiskjal 1 breytist og verður svohljóðandi:**

**Lágmarkslaun félagsmanna RSÍ sem sinna störfum hjá RÚV þar sem ekki er krafist iðnmenntunar.**

**Gildir frá 1. apríl 2019**

**Tæknimaður 1**
Byrjandi í tæknistörfum. Hefur grunnþekkingu sem nýtist í starfi og getur sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnu undir leiðsögn.
*Hæfnilýsing*
*Hefur grunnþekkingu sem nýtist til undirbúnings fyrir starf eða starfsþjálfun. Getur sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnu undir leiðsögn. Getur leyst viðfangsefni með því að vinna úr einföldum upplýsingum að úrlausnum.*

Byrjunarlaun kr. 337.627

**Tæknimaður 2**
Gildir um þá sem hafa lokið að lágmarki tveggja ára sérhæfðu fagnámi sem nýtist í starfi eða þá sem sinna tæknistörfum sem krefjast þekkingar og reynslu í faginu. Starfsmaður þarf að geta starfað sjálfstætt. Tekið er tillit til fyrri reynslu í starfi tæknimanns 2.
*Hæfnilýsing*
*Hefur grunnþekkingu sem nýtist á starfsvettvangi. Getur leyst fagleg viðfangsefni, beitt viðeigandi tækni og borið ábyrgð á afmörkuðum starfsþáttum. Getur miðlað upplýsingum um grunnatriði fags og verkefni á starfsvettvangi auk þess að geta útskýrt og rökstutt eigið verkferli.*

| | |
|---|---|
| Byrjunarlaun | kr. 367.422 |
| Eftir 1 ár sem TII | kr. 374.429 |
| Eftir 3 ár sem TII | kr. 379.790 |
| Eftir 5 ár sem TII | kr. 385.233 |

**Tæknimaður 3**
Gildir um þá sem hafa lokið að lámarki þriggja ára sérhæfðu fagnámi sem nýtist í starfi eða þá sem sinna tæknistörfum sem krefjast sérþekkingar og reynslu í faginu. Sinnir sérhæfðum tæknistörfum eða hefur umsjón með tilteknum málaflokkum vegna sérþekkingar. Starfsmaður getur starfað sjálfstætt. Tekið er tillit til fyrri reynslu í starfi tæknimanns 3.
*Hæfnilýsing*
*Hefur sérhæfða þekkingu sem nýtist í starfi. Getur forgangsraðað og skipulagt eigin störf í krefjandi aðstæðum og sýnt fagmennsku í starfi. Getur miðlað þekkingu sinni og leikni , rökstutt og ígrundað þær aðferðir sem hann nýtir auk þess að búa yfir ábyrgð gagnvart starfsumhverfi og hæfni til að leiðbeina öðrum.*

GHG DRA MG
RSÍ
MM

| | |
|---|---|
| Byrjunarlaun | kr. 403.476 |
| Eftir 3 ár sem TIII | kr. 411.200 |
| Eftir 5 ár sem TIII | kr. 417.108 |
| Eftir 7 ár sem TIII | kr. 423.103 |
| Eftir 10 ár sem TIII | kr. 431.400 |

Rafiðnaðarsveinar og meistarar sem starfa á verkstæði taka að lágmarki laun samkvæmt almennum kjarasamningi RSÍ/SA samkvæmt menntun þeirra og reynslu.

Hækkanir á samningstímanum eru krónutöluhækkanir á allar taxtatölur:

1.apríl 2020 kr. 24.000
1.janúar 2021 kr. 24.000
1.janúar 2022 kr. 25.000

**Breytingar á Fylgiskjali II**

- Bókun I fellur niður
- Bókun II í fyrirtækjaþætti verður ný samningsgrein í fyrirtækjaþættinum:
  Gr. 2.3.4

Yfirmenn RÚV munu gæta þess að fastráðnir félgsmenn RSÍ sem starfa hjá RÚV skuli ganga fyrir þegar yfirvinnu er þörf.

- Bókun III fellur niður

Breytingar á samkomulagi stjórnenda RÚV og félagsmanna RSÍ:

- Fyrsta grein fellur niður.

- Önnur grein breytist og verður:
  *RÚV útvegar farsímaáskrift, með þaki að upphæð 4000 kr. til tæknimanna. Téð áskrift skal vera eins og best verður á kosið hverju sinni, og verður uppfærð í takt við framþróun gjaldskráa Símafyrirtækjanna. Til hliðsjónar má benda á að áskriftin í apríl 2019 inniheldur ótakmörkuð símtöl innanlands, ótakmörkuð smáskilaboð og 50GB í gagnamagni.*

- Þriðja grein fellur niður.

MM GHG ORH JT KPS MB

Reykjavík 2. maí 2019

F.h. Ríkisútvarpsins

F.h. starfsmanna rafiðnaðarmanna

# Launatafla fyrirtækjaþátts RÚV og tæknimanna RSÍ

## Tæknimaður 1

| | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|---|---|
| Grunnlaun | 320.627 | 337.627 | 361.627 | 385.627 | 410.627 |

## Tæknimaður 2

| | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|---|---|
| Grunnlaun | 350.422 | 367.422 | 391.422 | 415.422 | 440.422 |
| Eftir 1 ár | 357.429 | 374.429 | 398.429 | 422.429 | 447.429 |
| Eftir 3 ár | 362.790 | 379.790 | 403.790 | 427.790 | 452.790 |
| Eftir 5 ár | 368.233 | 385.233 | 409.233 | 433.233 | 458.233 |

## Tæknimaður 3

| | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|---|---|
| Grunnlaun | 386.476 | 403.476 | 427.476 | 451.476 | 476.476 |
| Eftir 3 ár | 394.200 | 411.200 | 435.200 | 459.200 | 484.200 |
| Eftir 5 ár | 400.108 | 417.108 | 441.108 | 465.108 | 490.108 |
| Eftir 7 ár | 406.103 | 423.103 | 447.103 | 471.103 | 496.103 |
| Eftir 10 ár | 414.400 | 431.400 | 455.400 | 479.400 | 504.400 |

**Hækkanir á samningstíma**

| | |
|---|---|
| 1. apríl 2019 | 17.000 |
| 1. apríl 2020 | 24.000 |
| 1. janúar 2021 | 24.000 |
| 1. janúar 2022 | 25.000 |